

Vímuefnanotkun unglunga — áhættuþættir og áhrif fræðslu

Pórarinn Gíslason¹⁾, Aldís Yngvadóttir²⁾, Bryndís Benediksdóttir³⁾

Gíslason Þ, Yngvadóttir A, Benediksdóttir B
Alcohol consumption, smoking and drug abuse
among teenagers — a prospective study

Læknablaðið 1994; 80: 540–52

Many of the social and health problems of teenagers today are related to the use of intoxicating drugs. In 1990 the use of Lions Quest began in primary schools in Iceland. With Lions Quest the young are taught life skills in order to be helped to live a healthy life without tobacco, alcohol or other intoxicating drugs. The aim of this study, therefore, was to try to determine what factors influence teenage use of intoxicants and whether the attitudes and drug consumption of those teenagers who had participated in Lions Quest were any different from those who had not.

The research is a continuation of a comparative study where students were administered questionnaires to ascertain their attitudes toward life and toward the use of intoxicating substances. In 1989 the survey covered 566 students 12–13 years of age and three years later in 1992 reached 500 of the former respondents when they were 15–16 years old. The schools were chosen such that the study reflected the attitudes of students both in sparsely and in densely settled areas.

The study showed that of the 15–16 year olds 18.6% smoked daily, 44.4% had felt the effects of alcohol four times or more, and 5% had a history of repeated drug abuse (cannabis, sniffing solvents, etc.)

The use of various intoxicating substances is strongly correlated, a fact that supports the hypothesis that attitudes toward life and conditions that lead to the use of one type of drug also support the use of other drugs. Those teenagers who used drugs had a great deal in common as regards attitudes toward life and

the pattern of family relations. They were not as close to their families as were teenagers who did not use drugs, were seldom home in the evening and had few interests in common with their parents. The parents were more often divorced, smoking in the home was more common and alcohol consumption had more frequently caused family problems. These teenagers were more easily influenced, were more dependent on their friends, had less self-confidence, and were less apt to participate in sports and scouts. Their academic presentation was also lower.

There was no significant difference in the level of drug use of teenagers who had participated in Lions Quest and those in the control group. Research in other countries has shown that programs of this kind have succeeded well in preventing drug abuse. The reason why the present study did not show the same result may be because teaching materials of this kind are so new to the Icelandic school system and also because the instructional material had not been given a real place in the legally required curriculum at the time the survey was carried out.

Ágrip

Mikið af félagslegum og heilsufarslegum vandamálum ungmenna í dag má tengja vímuefnanotkun þeirra. Margháttuð fræðsla og forvarnastarf gegn vímuefnaneyslu hefur verið reynt hér á landi. Árið 1990 var byrjað að nota námsefnið *Að ná tökum á tilverunni, Lion Quest* (LQ) í nokkrum grunnskólum. Þar er kennd lífsleikni og með þeim hætti reynt að hjálpa unglungunum að lifa heilbrigðu lífi án tóbaks, áfengis og annarra vímuefnajafa. Tilgangur þessarar rannsóknar er að reyna að meta hvaða þættir hafa áhrif á vímuefnaneyslu unglunga og hvort viðhorf og neysla þeirra unglunga sem fengið hafa kennslu í LQ sé öðruvísi en þeirra sem ekki hafa fengið þetta námsefni.

Rannsóknin er framvirk samanburðarrannsókn þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur til að kanna lífsviðhorf og neyslu á

Frá ¹⁾geðdeild Landspítalans og lungnadeild Vífilstaðaspítala, ²⁾Menntamálaráðuneytinu, ³⁾Heilsugæslunni í Garðabæ. Fyrirspurnir, bréfaskipti: Pórarinn Gíslason lungnadeild Vífilstaðaspítala, 210 Garðabær.

vímuefnum. Könnunin náði til 566 nemenda sem voru 12–13 ára árið 1989 og aftur til 500 þeirra þremur árum seinna eða 1992, er þau voru 15–16 ára. Skólarnir voru þannig valdir að könnunin endurspegladi bæði dreif- og þéttbýli.

Rannsóknin leiðir í ljós að vímuefnanotkun í öllum myndum eykst fremur meðal íslenskra ungmenna og færast neðar í aldurshópinn. Meðal 15–16 ára unglunga reyktu 18,6% daglega, 44,4% höfðu fundið á sér fjórum sinnum eða oftar og 5% höfðu sögu um endurtekna vímuefnaneyslu (kannabis, sniff og fleira).

Veruleg fylgni er milli neyslu hinna ýmsu vímuefna, sem styður þær hugmyndir að lífsviðhorf og aðstæður sem leiða til neyslu einnar tegundar vímuefnis stuðli að neyslu annarra efna líka. Margt virðist sameiginlegt í lífsviðhorfum og fjöldskyldumynstri þeirra unglunga sem ánetjast vímuefnum. Þeir eru ekki eins tengdir fjölskyldu sinni, eru sjaldnar heima á kvöldin og eiga fá áhugamál sameiginleg með foreldrum sínum. Foreldrarnir eru oftar fráskildir, reykingar algengari á heimilum og algengara að áfengisneysla hafi valdið vandræðum á heimilinu. Þessir unglungar eru áhrifa-gjarnari, háðari vinum sínum, hafa minna sjálfstraust og taka síður þátt í félagsstarfi og íþróttum. Námsárangur þeirra er slakari.

Ekki kom fram marktækur munur á vímuefnaneyslu þeirra 280 unglunga sem fengið höfðu LQ námsefnið miðað við samanburðarhópinn. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að námsefni af þessu tagi hefur reynst vel í forvarnastarfi gegn vímuefnum. Hvers vegna þessi rannsókn leiðir ekki í ljós þennan árangur gæti stafað af því hversu nýtt og framandi þessi tegund af námsefni er fyrir íslenskt skólakerfi. Líka af því að námsefninu hafði ekki verið ætlaður sess meðal lögboðinna kennslugreina á þeim tíma sem könnunin fór fram og einungis notaður hluti af námsefnum.

Inngangur

Vímuefnanotkun og vandamál henni samfara eru jafngömul siðmenningunni. Sú aukna fjölbreytni vímugjafa sem varð á sjötta og sjöunda áratugnum bættist við það vandamál sem fyrir var af völdum áfengis og tóbaks. Fjöldi innlendra kannana sýna að neysla vímuefna bæði löglegra og ólöglegra hefst oftast fyrir tvítugs aldur og að neyslan færast neðar í aldurshópnum ár frá ári (1–7).

Heilsufar flestra aldurshópa hefur farið batnandi í hinum vestræna heimi undanfarna áratugi, ef undan er skilið heilsufar unglunga sem að minnsta kosti er talið fara hnignandi (8). Aukin vímuefnaneysla er talin ein orsök þessa og tengist oft slysum sem er ein aðaldánarorsök þessa aldurshóps. Í raun má segja að stór hluti af starfi lækna felist í vonlítilli baráttu við afleiðingar þess lífsstíls sem sjúklingarnir hafa tileinkað sér á unglingsárunum.

Margháttuð fræðsla og forvarnastarf hefur verið reynt víða um heim til að stemma stigu við framvindu þessa vanda, en árangur verið misjafn og mat ýmsum vandkvæðum bundið (9–16). Á Íslandi hefur forvarnastarf einkennst af áróðri og fræðslu um verkun og áhrif vímuefna. Þessi fræðsla hefur verið veitt af félagsamtökum, skólakerfi og heilbrigðiskerfi. Lítið hefur farið fyrir athugunum til að meta áhrif forvarnastarfs.

Árið 1990 var byrjað að nota námsefnið *Að ná tókum á tilverunni, Lions-Quest (LQ)* í nokkrum grunnskólum. Menntamálaráðuneytið og Lionshreyfingin á Íslandi unnu að útgáfunni, en frumútgáfan er bandarísk. Námsgagnastofnun gefur efnið út. Námsefnið er ætlað 12–14 ára nemendum og með því er kennd lífsleikni (life skills). Í námsefninu er leitast við að hjálpa ungu fólki til þess að þroska með sér sjálfsaga, ábyrgðartilfinningu, góða dómgreind, öðlast aukið sjálfstraust og góða sjálfmynd og efla tengsl við fjölskyldu, skóla og samfélagið. Með þeim hætti er reynt að hjálpa unglungunum að lifa heilbrigðu lífi án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna (17). Námsefnið hefur verið notað í sjöunda til níunda bekk (12–14 ára) og hafa kennarar sem það kenna þurft að sækja námskeið í notkun þess áður.

Mikilvægt er að meta árangur forvarnastarfs og var eftirfarandi rannsókn gerð til að meta hvaða þættir hafa áhrif á vímuefnaneyslu unglunga og þá sérstaklega hvort viðhorf og neysla unglunga, sem hafa farið í gegnum LQ, séu öðruvísi en þeirra sem ekki hafa fengið þetta fræðsluefni.

Rannsóknarhópur: Rannsóknin hófst haustið 1989 og var miðað við að athuga sambærilega skóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu og í dreifbýli (tafla I). Sumir skólanna höfðu nýlega hafið kennslu í LQ en aðrir kenndu ekki LQ námsefnið meðan könnunin fór fram (tafla

Table I. Sample and no. respondents, 1989 and 1992. Lions Quest material used in schools marked*.

School	Total no. students	No. respondents 1989	Reg. in school, spring 1992	No. respondents 1992
Capital area school A*	45	43	41	38
Capital area school B*	116	108	104	93
Capital area school C	100	98	93	93
Capital area school D*	42	32	32	32
Rural area school 1*	107	93	92	86
Rural area school 2	68	67	57	51
Rural area school 3	108	95	84	77
Rural area school 4*	40	30	30	30
Total	626	566	533	500

I). Í þeim skólum sem tóku þátt í rannsókninni voru alls 626 nemendur samkvæmt bekkjar-skrám haustið 1989 (tafla I). Alls voru 39 nemendur fjarverandi þegar könnunin fór fram 1989 og 21 neitaði þátttöku eða fyllti mjög óáreiðanlega í spurningalista (töflur I og II). Haustið 1989 svöruðu því alls 566 nemendur og voru þeir markhópurinn vorið 1992. Samkvæmt skólagögnum árið 1992 reyndust 33 namar vera fluttir (tafla II). Alls neituðu sjö þátttöku en 26 voru fjarverandi. Við mat á niðurstöðum var eingöngu stuðst við svör þeirra sem tóku þátt bæði 1989 og 1992. Heildarþátttaka var því 500/626 eða 80%, en brottfallið (78%) er aðallega vegna þeirra sem vantaði í skóla þann dag er könnunin fór fram eða þeir voru fluttir (tafla II).

Aðferð: Við gerð spurningalistans var lagður til grundvallar spurningalisti sem Landlæknisembættið notaði 1984, 1986 og 1989 (2–4). Um er að ræða fjölvalsspurningar um viðhorf til vímuefna og notkun þeirra, en einnig var spurt um lífsstíl. Alls voru 45 spurningar á listanum árið 1989 en 1992 var bætt við 14 spurningum um lífsviðhorf. Einnig var þá spurt um einkunnir í móðurmáli, dönsku og stærðfræði og meðaleinkunn þessara námsgreina reiknuð.

Framkvæmd: Spurningalistar voru fyrst lagðir fyrir nemendur í skólatíma haustið 1989, þegar flestir nemanna voru 12–13 ára og svo að nýju fyrir sömu nemendur í mars 1992 er þeir voru 15–16 ára. Gætt var fyllstu nafnleyndar við könnunina og nafnaskrá eytt, þegar spurningalistar frá 1989 og 1992 höfðu fengið sama númer. Við tölfraðilegan samanburð var beitt kí-kvaðrat prófi, nema við samanburð á meðaleinkunnum og líkamsþyngd, þá var notað t-próf stúdents. Munur er talinn tölfraðilega marktækur við $p < 0,05$.

Niðurstöður

Í rannsóknarhópnum voru 266 piltar og 234 stúlkur. Flest (372) voru fædd árið 1976, 125 árið 1977, tvö árið 1975 og einn árið 1978. Rétt rúmur helmingur þeirra hafði fengið einhverja LQ kennslu (tafla I).

Félagslegt umhverfi: Tæplega 90% barnanna voru alin upp hjá báðum foreldrum árið 1989 en 1992 hafði þeim fjölgað er aldir voru upp hjá foreldri og stjúpforeldri (tafla III). Tóms-tundum með foreldrum (aðrar en horft á sjónvarp) fækkaði verulega milli árána 1989 og 1992 (tafla III) og hefur til dæmis vikulegum tóms-tundum eða oftast næstum fækkað um helming. Kvöldum heima fækkar einnig verulega. Ofangreindar félagsaðstæður eru mjög svipaðar hjá piltum og stúlkum. Þátttaka í félögum (íþróttir, skátar) er svipuð 1989 hjá piltum og stúlkum, en er hlutfallslega minni meðal stúlkna árið 1992. Aftur á móti er þátttaka í félagi á síðastliðnum mánuði mun meiri hjá þeim sem á annað borð eru í félagi árið 1992 en 1989. Reykingar foreldra minnka á tímabilinu en aukast hjá systkinum. Erfiðleikar vegna áfengisneyslu virðast vera svipaðir 1989 og 1992 en heima „partíum“ þar sem áfengi er leyft hefur fjölgað og virðast tæplega 10% allra 15–16 ára unglunga fá að halda „partí“ heima þar sem áfengi er leyft.

Table II. Reasons for deletions.

	Research group spring 1989	Target group 1992	Deletions 1992
Not in school	39		26
Not usable or wouldn't reply	21		7
Moved		33	
Total	60	33	33

Table III. Family and social life. N=266 boys, 234 girls.

	1989		Girls		1992		Girls	
	Boys		N	(%)	Boys		N	(%)
	N	(%)	N	(%)	N	(%)	N	(%)
Raised by								
Both parents	233	(88.6)	209	(89.3)	214	(81.1)	193	(83.6)
Mother only	25	(9.5)	22	(9.4)	19	(7.2)	16	(6.9)
Parent and step-parent	0		2	(0.9)	27	(10.2)	18	(7.8)
Others	5	(1.9)	1	(0.4)	4	(1.5)	4	(1.7)
Leisure time with parents								
Never	30	(11.5)	17	(7.4)	42	(16.0)	35	(15.1)
< once/month	56	(21.5)	55	(23.9)	94	(35.7)	79	(34.1)
1-3 times/month	77	(29.6)	70	(30.4)	63	(24.0)	75	(32.3)
Once a week	42	(16.1)	40	(17.4)	28	(10.7)	26	(11.2)
2-3 times/wk	37	(14.2)	29	(12.6)	25	(9.1)	8	(3.5)
More or less daily	18	(6.9)	19	(8.3)	11	(4.2)	9	(3.9)
Evenings at home per week								
0-1	17	(6.5)	15	(6.4)	44	(16.7)	30	(12.9)
2-3	65	(25.0)	69	(29.5)	115	(43.7)	109	(47.0)
4-5	94	(36.2)	75	(32.1)	80	(30.4)	74	(31.9)
6-7	84	(32.3)	75	(32.1)	24	(9.1)	19	(8.2)
Social life								
Sports/scouts /etc.	163	(62.0)	147	(62.8)	182	(69.2)	120	(51.7)
Participation last month	99	(48.8)	80	(44.4)	145	(75.9)	103	(77.4)
Smoking in the home								
Mother	99	(37.2)	73	(31.2)	95	(35.7)	69	(29.5)
Farther	115	(43.2)	85	(36.3)	99	(37.2)	79	(33.8)
Siblings	29	(10.9)	25	(10.7)	39	(14.7)	43	(18.4)
Difficulties at home from alcohol use								
Sometimes	31	(12.0)	13	(5.8)	27	(10.4)	22	(9.5)
Often	1	(0.4)	8	(3.5)	1	(0.4)	12	(5.2)
Holding a party at home permitted								
No	85	(34.4)	80	(36.4)	103	(42.0)	92	(41.8)
Without alcohol	161	(65.2)	140	(63.6)	119	(48.6)	107	(48.6)
With alcohol	1	(0.4)	0		23	(9.4)	21	(9.6)

Reykingar: Árið 1989 eru reykingar nær óþekktar (tafla IV). Ef talið er að allir þeir einstaklingar reyki, sem reykja eina sígarettu eða meira á dag, þá reykja alls 93 unglingar (18,6%) árið 1992. Hlutfallslega fleiri stúlkur reykja (21,4%) en piltar (16,2%), en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur ($p=0,13$). Meðal þeirra sem reykja kemur í ljós að piltarnir reykja meira en stúlkurnar ($p=0,004$) (tafla IV).

Áfengisneysla: Prefalt fleiri piltar en stúlkur höfðu drukkið áfengi 1989. Munurinn var horfinn 1992, en þá höfðu alls 77% drukkið áfengi (tafla V). Tæplega helmingur eða 222 af 500

(44,4%) hafði fundið á sér oftari en þrisvar; heldur fleiri stúlkur ($n=116$) en piltar ($n=106$) ($p<0,05$). Alls kváðust 176 (35,2%) hafa orðið drukkin oftari en þrisvar og 123 (24,6%) höfðu dáið einu sinni eða tvisvar og 27 (5,4%) oftari.

Kannabis/sniff og önnur vímuefni: Árið 1989 var neysla allra vímuefna annars en áfengis nær óþekkt, en þremur árum síðar höfðu alls 16 piltar (6%) og níu stúlkur (3,8%) prófað kannabisefni, flest einu sinni eða tvisvar (tafla IV). Svipaður fjöldi hafði sniffað og enn fleiri notað önnur vímuefni (tafla IV). Gefin voru stig eftir því hvernig spurningum í töflu IV um vímuefnaneyslu var svarað: Kannabisefni (1-4

Table IV. *Smoking and drug use.*

	1989		1992	
	Boys (n=266)	Girls (n=234)	Boys (n=266)	Girls (n=234)
Smoked last months				
1-5 cig. / day	2	1	10	25
6-10 cig./ day			11	15
≥ 11 cig. / day			22	10
Tried cannabis				
1-2 times	1	0	11	6
3-9 times			2	2
10-19 times			1	0
≥ 20 times			2	1
Sniff solvents				
Once	1	0	10	9
2-3 times	1		5	8
≥ 4 times	1		4	4
Other drugs				
1-2 times	2	0	12	16
More often			23	12

Table V. *Alcohol consumption.*

	1989		1992	
	Boys (n=266)	Girls (n=234)	Boys (n=266)	Girls (n=234)
Have drunk alcohol	75	25	201	180
Been „high“				
Once	7	4	33	19
2-3 times	8	4	40	28
More often	5	1	106	116
Really intoxicated				
1-2 times	6	3	64	59
Often	1	0	15	12

stig), sniff (1-3 stig) og önnur vímuefni (1-2 stig). Stigin voru lögð saman fyrir hvern einstakling og fengu alls 25 einstaklingar (5,0%) þrjú stig eða fleiri; 13 piltar og 12 stúlkur.

Innbyrðis samband mismunandi vímuefnaneyslu: Á mynd sést innbyrðis samband þeirra sem höfðu fundið á sér oftast en þrisvar ($222/500 = 44\%$), reykja eina sígarettu á dag eða meira ($93/500 = 18,6\%$) eða nota önnur vímuefni ($25/500 = 5\%$). Í ljós kemur að milli allra ofangreindra þátta er tölfræðilega marktækt samband og af þeim 93 sem reykja hefur 81 (87%) drukkið áfengi oftast en þrisvar ($\chi=84,4$; $p=0,0001$) og 16 af 25 vímuefnaneytendum reykja ($\chi=35,8$; $p=0,0001$).

Forspágildi svara 1989 varðandi vímuefnaneyslu 1992:

Skóli og aldur: Verulegur munur kemur fram þegar vímuefnaneysla í mismunandi skólum er skoðuð og er um að ræða allt að tvöfaldan mun á reykingum og áfengisneyslu milli skóla (tafla VI). Af 245 nemendum í skólum utan Stór-Reykjavíkursvæðisins reyktu 22,9% borið saman við 14,5% ($p<0,05$) nemenda á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Sambærilegar tölur fyrir áfengisneyslu voru 51,4% borið saman við 37,3% ($p<0,01$). Meðal þeirra 245 sem eru í skólum utan Stór-Reykjavíkursvæðisins eru allir utan einn 16 ára en á Stór-Reykjavíkursvæðinu er um að ræða jafna skiptingu 15 og 16 ára nema. Ofangreindur munur skýrist með því að áfengisneysla og reykingar eru algengari meðal eldri þátttakenda í rannsóknarhópnum (tafla VII).

Reykingar: Þegar þeir 93 unglingar sem reykja eru bornir saman við hina sem ekki reykja koma í ljós tölfræðilega sterk tengsl við reykingar á heimili. Unglingarnir reyktu oftast ef feður reyktu eða 25,3% á móti 14,9% ($p=0,004$), ef móðir reykti var hlutfallið 24,4% á móti 15,8% ($p=0,02$) og mestur var munurinn ef systkini reyktu 36,6% á móti 15,1% ($p=0,0001$). Reykingar pilta og stúlkna tengdust reykingum á heimili á svipaðan hátt. Ef báðir foreldrar reyktu ($n=92$) þá reyktu 29,4% unglínganna en 19,6% ef annað foreldrið reykti ($n=158$) og 14% ef hvorugt foreldrið reykti ($p=0,005$). Meðaleinkunn reykingahópsins var lægri; $6,0 \pm 1,5$ á móti $7,0 \pm 1,4$ ($p<0,0001$).




Table VI. *Smoking, alcohol consumption and drug abuse by school (%)*.

School	Smoke ≥ 1 cig./day	Been „high“ on alcohol ≥ 4 times	Other drugs ≥ 3 points
Capital area school A	13.2	44.7	5.3
Capital area school B	14.0	31.2	5.4
Capital area school C	15.1	45.2	4.3
Capital area school D	16.1	25.8	3.2
Rural area school 1	24.4	57.0	10.5
Rural area school 2	29.4	41.2	3.9
Rural area school 3	18.2	48.1	2.6
Rural area school 4	19.4	61.3	0.0

Table VII. *Smoking, alcohol consumption and drug abuse (%)*.

Year of birth	Smoke ≥ 1 cig./day	Been „high“ on alcohol ≥ 4 times	Other drugs ≥ 3 points
b. 1976 (≈ 16 years)	19.9	49.5	5.1
b. 1977 (≈ 15 years)	14.4	30.4	4.8

Þeim sem reyktu árið 1992 líkaði verr í skól-
anum árið 1989 og voru sjaldnar heima en ungl-
ingar sem ekki reyktu (tafla VIII).

Áfengisnotkun: Meðaleinkunn hópsins sem
hafði fundið oftár á sér en þrisvar var lægri; 5,7

± 1,2 á móti 6,9 ± 1,5 (p=0,0002) hjá þeim sem
ekki höfðu fundið á sér svo oft. Þau 13 sem
töldu að áfengisneysla hefði oft valdið erfið-
leikum á heimili sínu (tafla III) höfðu öll fund-
ið á sér oftár en þrisvar. Árið 1989 líkaði þess-

Table VIII. *Conditions in 1989 examined in light of alcohol use and smoking in 1992.*

	Been „high“ on alcohol		Smoking	
	0-3 times (n=278) %	≥ 4 times (n=222) %	Non-smoker (n=407) %	Smoker (n=93) %
Like /very much like school	76.0	52.0*	71.3	64.4**
≥ 4 evenings home/week	80.0	49.0*	72.0	41.8*
Leisure time with parents ≥ 1 per week	41.0	34.0	41.2	22.0*
Seldom/never satisfied with myself	1.5	10.4*	3.7	12.9*
Always/usually agree with others	3.6	6.4*	4.5	5.4
Hard to make up my mind				
Sometimes	46.1	47.7	46.6	47.8
Always/usually	5.1	6.8	5.2	8.7
Do sometimes bad because of friends				
Sometimes	4.7	12.7	8.2	8.9
Always/usually	1.1	2.7	1.5	3.3
Would you drink beer if friends want you to join them?				
Sometimes	5.1	11.4	8.0	7.5
Always/usually	1.1	2.7*	3.3	11.8*
Drink wine ?				
Sometimes	1.8	6.3	3.2	6.5
Always/usually	0	5.0*	1.3	6.5*
Drink hard liquor ?				
Sometimes	0.4	3.2	1.3	3.3
Always/usually	0	3.2*	0.5	5.5*

* p<0.001 ** p<0.05

Table IX. Answers in 1989 as to whether the respondent would rather follow friends' advice or parents' by smoking status in 1992.

	Follow parents			Follow friends			P-value
	N	Not smoke (%)	Smoke (%)	N	Not smoke (%)	Smoke (%)	
Purchase clothes	349	(83.9)	(16.1)	125	(72.8)	(27.2)	< 0.01
Choose schoolbag	304	(82.6)	(17.4)	150	(76.0)	(24.0)	= 0.09
Use tobacco	426	(82.4)	(17.6)	13	(46.2)	(53.8)	< 0.01
Drink alcohol	423	(82.3)	(17.7)	15	(53.3)	(46.7)	< 0.01
Choice music	54	(85.2)	(14.8)	371	(79.3)	(20.7)	= 0.3
Entertainment	178	(87.1)	(12.9)	275	(76.4)	(23.6)	< 0.01

Table X. Answers in 1989 as to whether the respondent would rather follow friends' advice or parents' by alcohol use in 1992.

	Follow parents			Follow friends			P-value
	N	Alcohol 0-3 (%)	Alcohol ≥4 (%)	N	Alcohol 0-3 (%)	Alcohol ≥4 (%)	
Purchase clothes	349	(63.0)	(37.0)	125	(34.4)	(65.6)	<0.001
Choose schoolbag	304	(62.5)	(37.5)	150	(41.3)	(58.7)	<0.001
Use tobacco	426	(56.1)	(43.9)	13	(38.5)	(61.5)	=0.2
Use alcohol	423	(56.5)	(43.5)	15	(26.7)	(73.3)	=0.02
Choice music	54	(75.9)	(24.1)	371	(51.5)	(48.5)	<0.001
Entertainment	178	(70.8)	(29.2)	275	(43.6)	(56.4)	<0.001

um hópi, sem hafði fundið á sér oft en þrisvar 1992, þá þegar verr í skólanum, var sjaldnar heima, var sjaldnar sátur við sjálfan sig, kvaðst oftara fara eftir skoðunum annarra og oftara gera rangt vegna vináttu (tafla VIII).

Önnur vímuefnanotkun: Meðal þeirra 25 einstaklinga með þrjú stig eða fleiri vegna vímuefnaneyslu voru fjórir (16%) aldir upp hjá foreldri og stjúpforeldri, 19 (76%) voru heima þrjú kvöld eða sjaldnar samanborið við 273 (59%) annarra ($\chi=17,6$; $p<0,001$). Aðeins tveir tóku þátt í tómstundum vikulega eða oftara. Þessi hópur kunni einnig verr við sig í skólanum og námsárangur var lakari (meðaleinkunn $6,5 \pm 1,4$ á móti $7,1 \pm 1,4$; $p<0,0001$).

Viðhorf til ráðlegginga vina og foreldra: Mun algengara er að þeir sem reykja 1992 hafi fremur viljað fara eftir ráðleggingum vina en foreldra árið 1989 (töflur VIII og IX) og sama gildir um þá sem hafa fundið á sér fjórum sinnum eða oftara árið 1992 (töflur VIII og X).

Félagabáttaka: Spurt var hvort viðkomandi væri þátttakandi í félagi (til dæmis íþróttafélagi, skátafélagi eða öðrum) og hvort hann hefði tekið þátt í starfsemi þess síðastliðinn mánuð. Vímuefnaneysla árið 1992 er svipuð hjá þeim sem voru virkir þátttakendur í félagi árið 1989 og hjá hinum sem það voru ekki (tafla XI). Þeir sem voru virkir þátttakendur í félagi árið 1992 neyttu marktækt sjaldnar vímuefna.

Table XI. Active participation in sports and scouts, 1989 and 1992 in view of smoking, alcohol consumption and drug abuse.

	Smoking ≥1 cig./day %	Been „high“ on alcohol ≥4 times %	Other drugs ≥ 3 points %
1989:			
Part. soc. affairs (=179)	19.0	46.4	6.7
Not participate (=321)	18.4	43.3	4.1
p-value	=0.87	=0.51	=0.19
1992			
Part. soc. affairs (=248)	12.1	35.5	3.2
Not participate (=252)	25.0	53.2	6.8
p-value	=0.0002	=0.0001	=0.071

Table XII. *Smoking, alcohol consumption and drug abuse in view of participation in Lions Quest.*

	Part. Lions Quest		No participation	
	n=280	(%)	n=220	(%)
Smoking				
≥ 1. cig./day	49	(17.5)	44	(20.0)
Cannabis				
1-2 times	11	(3.9)	10	(4.5)
≥ 3 times	2	(0.7)	2	(0.9)
Sniffing solvents				
Once	10	(3.6)	9	(4.1)
2-3 times	10	(3.6)	3	(1.4)
≥4 times	7	(2.5)	1	(0.5)
Other drugs				
1-2 times	16	(5.7)	12	(5.5)
≥ times	24	(8.6)	11	(5.0)
Alcohol – been „high“				
Once	28	(13.3)	24	(13.3)
2-3 times	33	(15.7)	35	(19.4)
≤≥ 4 times	120	(57.1)	102	(56.7)

Áhrif forvarna: Þegar þeir sem farið hafa í einhverjum mæli í gegnum LQ námsefnið (n=280) eru bornir saman við hina sem ekki hafa gert það (n=220) kemur ekki fram marktækur munur varðandi neyslu vímuefna (tafla XII). Viðhorf til LQ eru mjög mismunandi eftir því hvort viðkomandi neytir vímuefna eða ekki (tafla XIII). Settar voru fram fullyrðingar um LQ og tóku þátttakendur afstöðu til þeirra samkvæmt fimm valmöguleikum: Algjörlega sammála, sammála, veit ekki, ósammála og algjörlega ósammála. Ef þeir sem eru sammála „jákvæðum“ áhrifum LQ eru bornir saman við hina sem eru ósammála kemur í ljós að algengara er að þeir sem ekki eru í vímuefnaneyslu telja LQ hafa haft jákvæð áhrif (tafla XIII).

Logístísk aðhvarfsgreining: Til þess að unnt væri að meta hvað einkenni helst vímuefnaneytendur 1992 var beitt þrepa logístískri aðhvarfsgreiningu. Hannað var líkan sem metur líkurnar á því að vera í neyslúhópi þeirra 235 unglunga sem höfðu sögu um áfengisnotkun fjórum sinnum eða oftar og/eða reykingar og/eða vímuefnaneyslu. Fylgibreyturnar voru kyn, aldur, reykingar foreldra, hvort áfengisneysla hefði valdið vandræðum á heimili, þátttaka í félagi síðastliðinn mánuð og LQ. Með eftirfarandi líkani er unnt að reikna út líkurnar á því að vera í neyslúhópnum:

$$1/1 + e^{\text{fasti} + \text{stuðull} \times \text{kyn} + \text{stuðull} \times \text{aldur} + \text{stuðull} \times \text{reykingar foreldra} + \text{o.s.frv.}}$$

Það líkan er skýrði best innihélt breytu er sett var saman úr reykingum foreldra og því hvort áfengisneysla hefði valdið erfiðleikum á heimilinu. Þátttaka í LQ hafði ekki marktæka þýðingu í ofangreindu líkani. Niðurstöður í töflu XIV sýna vægi hvers þáttar fyrir sig og tölfræðilega marktækni í ofangreindu líkani. Samkvæmt ofangreindu líkani eru líkur unglings á að lenda í vímuefnaneytendahópi meiri hjá þeim eldri og meiri hjá þeim sem hafa ekki tekið þátt í starfsemi félags. Reykingar foreldra og það að áfengisneysla hafi valdið erfiðleikum á heimilinu auka einnig líkurnar á að unglungurinn lenti í hópi vímuefnaneytenda.

Umraeða

Um er að ræða framvirka samanburðarrannsókn á því hvaða þættir hafa áhrif á vímuefnaneyslu unglunga og þá sérstaklega hvort viðhorf og neysla unglunga sem lært hafa LQ náms efnið séu öðru vísi en þeirra sem ekki hafa gert það. Telja verður að rannsóknin endurspegli vímuefnaneyslu og viðhorf unglunga á þessum aldri. Heimtur spurningalista voru nokkuð góðar eða um 80%. Könnunin náði til allra unglunga í þeim skólum sem rannsóknin tók til og skólarnir voru valdir þannig að þeir endurspegluðu bæði þéttbýli og dreifbýli. Þó ber að gæta þess, að í brottfallinu gætu hugsanlega leynst nemendur sem frekar hefðu ánetjast vímuefnum, því líklegt má telja að þeir séu oftar fjarverandi frá skóla og hætti jafnvel frekar skólagöngu.

Neysla vímuefna er mjög misjöfn eftir skólum (tafla VI) og má reikna með að staðbundinna áhrifa á viðhorfum til vímuefna gæti á hverjum stað. Rannsóknin staðfestir þann grun, að fjöldi unglunga hefji neyslu vímuefna um fermingaraldur og rennir sú staðreynd fótum undir þá hugmynd að í síðasta lagi sé að byrja með forvarnanámsefni á borð við Lions Quest í síðustu bekkjum barnaskóla og byrjun gagnfræðaskóla eins og reyndin er í dag.

Ef þeir unglingar sem byrja ungir að reykja, drekka og jafnvel að neyta sterkari efna eru skoðaðir nánar sést að ýmislegt er sameiginlegt í lífsviðhorfum og fjölskyldumynstri þeirra. Þessir unglingar virðast ekki eins tengdir fjölskyldu sinni og hinir. Þeir eru sjaldnar heima á kvöldin og eiga fá áhugamál sameiginleg með foreldrum sínum. Foreldrar þessara barna eru líka oftar fráskilin. Reykingar eru algengari í þessum fjölskyldum og algengara er að

Table XIII. Attitudes towards studies of those (n=280) who have participated in Lions Quest. Comparisons by drug use (%).

	Smoking ≥ 1 cig./day		Been „high“ on alcohol ≥ 4 times		Other drugs ≥ 3 points	
	No	Yes	No	Yes	No	Yes
Gained self-confidence						
Agree	18.6	18.7	21.7	14.6	18.0	29.4
Don't know	35.1	29.2	33.8	34.5	34.8	23.5
Disagree	46.2	52.1	44.5	50.9	47.3	47.1
Helped me decide not to use drugs						
Agree	24.1	10.4	32.9	6.9	22.9	5.9
Don't know	27.4	22.9	30.3	21.5	26.7	23.5
Disagree	48.5	66.7**	36.8	71.6***	50.4	70.6
Is lengthy and takes up time						
Agree	37.2	54.2	35.7	47.8	38.6	64.7
Don't know	30.9	25.0	33.3	25.3	31.0	11.8
Disagree	31.9	20.8	42.1	26.9	30.4	23.5
Makes it easier to express your own opinions						
Agree	18.4	14.6	20.7	13.8	18.5	5.9
Don't know	30.9	29.1	2.9	27.6	30.7	29.4
Disagree	50.7	56.3	46.4	58.6	50.8	64.7
More positive self-image						
Agree	20.6	10.6	22.0	13.6	19.6	11.8
Don't know	30.1	29.8	35.8	26.3	30.0	29.4
Disagree	49.3	59.6	42.1	60.2*	60.4	58.8
Useful in other ways						
Agree	47.5	33.3	52.9	34.5	46.8	17.6
Don't know	31.4	27.1	31.0	30.1	31.2	23.6
Disagree	21.1	39.6	16.1	35.4**	22.0	58.8***
Is fun						
Agree	29.5	13.3	28.1	25.0	26.6	29.4
Don't know	25.9	24.4	26.8	24.1	26.6	11.8
Disagree	44.6	62.3*	45.1	50.9	46.8	58.8
Improved relations with parents and friends						
Agree	29.2	28.8	32.3	25.0	28.6	23.5
Don't know	26.0	20.0	28.2	20.5	25.6	29.4
Disagree	4.8	60.2	39.5	54.5*	45.8	47.1

*p<0.05, **p<0.01, ***p<0.001

áfengisneysla hafi valdið vandræðum á heimilinu. Þannig má draga þá ályktun að sú fyrirmynd sem unglíngur hefur í fjölskyldu sinni sé án efa sterkur þáttur í því hvernig vímuefnaneysla hans verður.

Það sem einkum einkennir lífsviðhorf þessara unglínga er að þeir virðast vera ósjálfstæðari, áhrifagjarnir og háðari vinum sínum. Þeir hafa minna sjálfstraust og finna sig síður í hópi. Þetta sést einkum á því að þeir kunna verr við sig í skóla og taka síður þátt í félagsstarfsemi eins og til dæmis íþróttum. Þetta er nokkuð sem sýnt hefur verið fram á áður í rannsóknum (18).

Greinilega kemur fram í þessari rannsókn að námsárangur þeirra sem drekka eða reykja er

til muna lakari en hinna sem ekki gera það. Erfitt er að túlka þessar niðurstöður á einn veg og er ekki ljóst hvað er hænna og hvað eggid í þessu sambandi. Verða unglíngar sem verr eru

Table XIV. Log likelihood that the model assesses the probability of whether or not the teenager is in a group of drug users.

	B	S.E.	P-value
Gender	0.32	0.19	=0.09
Age	0.90	0.23	<0.001
Social participation	0.69	0.19	<0.001
Interaction (smoking × alcohol problem)	0.70	0.32	<0.05
Constant	-15.24	3.61	

gefnir frekar vímuefnaneytendur eða er vímuefnum um að kenna að námsárangur þeirra er lakari?

Athyglisverð er fylgni milli neyslu á hinum ýmsu vímuefnum og styður þetta hugmyndir manna um að það lífsviðhorf og aðstæður sem leiða til neyslu einnar tegundar vímuefnis stuðli einnig að neyslu annarra efna (7,8).

Ef vímuefnaneysla unglinga, eins og hún birtist í þessari rannsókn, er borin saman við aðrar innlendar kannanir er nærtækast að líta á kannanir landlæknisembættisins á notkun vímuefna hjá unglingum á aldrinum 15–20 ára á árunum 1984, 1986 og 1989 (2–4) sem hafa verið meðal helstu heimilda um neyslu þessara efna meðal ungs fólks hérlendis. Í þessum könnunum var stuðst við sama spurningalista öll árin og er það sami listinn sem lagður var til grundvallar í þeirri könnun sem hér er greint frá og gerir það samanburð auðveldan. Í könnunum landlæknisembættisins sést að á árunum 1984–1989 dró jafnt og þétt úr reykingum 16 ára unglinga, en þær hafa aukist aftur samkvæmt fyrirliggjandi könnun. Hvað varðar áfengisnotkun sýna innlendar kannanir að áfengisneysla unglinga hefur aukist hraðbyri á síðustu 30 árum, þó eitthvað drægi úr henni tímabundið á árunum 1984–1989 (1–7,19). Áfengisnotkun sextán ára unglinga virðist samkvæmt þessari könnun enn vera að aukast. Áfengisneysla líkt og reykingar hafa aukist mest hjá stúlkum.

Kannabisneysla var nær óþekkt meðal íslenskra ungmenna fyrir 1970 en jókst tímabundið fram til 1984 er aftur dró úr henni fram til ársins 1989. Kannabisneysla virðist hafa staðið í stað að mestu, en sú aukning sem orðið hefur er aðallega meðal stúlkna líkt og gerst hefur með önnur vímuefni.

Eins og fram kom í inngangi fer lítið fyrir innlendum könnunum sem meta árangur forvarnastarfs gegn vímuefnum. Kannanir á þessu hafa verið gerðar erlendis bæði í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum þar sem forvarnarstarf hefur verið að breytast í tímans rás. Fyrstu aðgerðirnar í forvörnum þar líkt og hér einkenndust af hræðsluáróðri með auglýsingasniði í fjölmiðlum (9). Síðari aðferðir byggðust á fræðslu í skólum um verkun og skaðsemi hinna ýmsu vímuefna. Hugmyndin bak við þessar aðferðir var sú að ungmenni myndu forðast neyslu þeirra að fengnum slíkum upplýsingum. Kannanir á áhrifum þessara aðferða sýndu að fræðslan skilaði sér á þann hátt að

ungmennin öðluðust aukna þekkingu á verkunarmáta vímuefnanna en hún breytti ekki viðhorfum til vímuefna og dró ekki úr neyslu þeirra (8). Sumar aðferðir juku jafnvel áhuga á neyslu vímuefna (10). Að fenginni þessari reynslu voru reyndar nýjar aðferðir við forvarnir. Fram á sjónarsviðið kom nú námsefni sem byggðist á að auka sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd nemenda. Auk þess var kennt hvernig bregðast skyldi við álagi og kvíða og umhugsun vakin um gildismat og takmark í lífinu (the affective program). Í byrjun var þessu námsefni beitt án þess að umræða um vímuefni blandaðist markvisst inn í fræðsluna. Ein könnun var gerð á árangri þessarar aðferðar við að draga úr reykingum og reyndist hún vera gagnslaus til þess að draga úr reykingum og jukust reykingar jafnvel meðal nemenda sem þetta námsefni fengu (11,12). Námsefni svipað LQ sem kom seinna á markaðinn byggðist á áþekkingu kenningum en lagði jafnframt áherslu á þjóðfélagslegan þrýsting og lífsleikni ásamt afgerandi afstöðu gegn vímuefnum (social pressure programs, life skills programs) (20). Kannanir í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum hafa sýnt að slík fræðsla seinkar og dregur úr vímuefnaneyslu meðal ungmenna (13–16). Fyrirliggjandi rannsókn sýnir ekki sambærilegan árangur af starfinu hér á landi. Ýmsar skýringar má finna á því. Ein er sú að námsefnið er nýtt og framandi fyrir íslenskt skólakerfi og byggir á nánú samstarfi nemenda, kennara og foreldra. Fjallað er um persónuleg málefni, tilfinningar og samskipti á nýjan hátt sem í byrjun getur verið framandi og erfitt bæði fyrir kennara, nemendur og foreldra og þarfnast síns aðlögunartíma. Námsefnið er viðamiknið og á þeim tíma sem könnunin var gerð byggðist framkvæmd kennslunnar á áhuga og dugnaði kennarans sem reyndi að finna stað og tíma fyrir kennsluna innan þröngs ramma lögboðinna námsgreina. Þetta varð oft til þess að aðeins hluti námsefnisins var kenndur á þessum tíma og samstarf við fjölskyldu nemenda ekki eins og gert er ráð fyrir. Því er ekki endanlega hægt að meta árangur námsefnisins fyrr en það hefur verið tekið upp í heild sinni og sköpuð hafa verið skilyrði til að kenna það í skólum svo það nái fótfestu og þurfi ekki að vera í samkeppni við hefðbundnar námsgreinar.

Það sem þessi rannsókn dregur einkum fram er að neysla vímuefna í öllum myndum eykst

meðal íslenskra ungmenna og færast neðar í aldurshópinn. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að vænlegasta leiðin til baráttu er að koma inn í grunnskóla námsefni sem byggir á hugmyndum um að kenna lífsleikni og auka þrýstingsaðgerðir í þjóðfélaginu gegn vímuefnaneyslu. Síðast en ekki síst er ábyrgðin á heimilum unglínganna þar sem enginn vafi leikur á að fyrirmynd foreldra og systkina hefur hvað mest forspárgildi um vímuefnaneyslu unglínga. Sú spurning vaknar einnig hvort forvarnastarf ætti ekki helst að beinast að þeim hópum sem eru í mestri áhættu samkvæmt því sem fram kemur í þessari könnun.

Þakkir

Heilbrigðisráðuneytið styrkti þessa rannsókn fjárhagslega.

HEIMILDIR

1. Helgason T, Ásmundsson G. Félagslegar aðstæður og uppvöxtur ungra ofdrykkjumanna. *Læknaneminn* 1972; 25: 5–21.
2. Briem G. Könnun á notkun áfengis, tóbaks, ávana- og fíkniefna 15–20 ára skólanemenda. Bráðabirgðaniðurstöður. Reykjavík: Landlæknisembættið, 1985.
3. Briem G. Könnun á notkun áfengis, tóbaks, ávana- og fíkniefna 15–20 ára skólanemenda. Bráðabirgðaniðurstöður. Reykjavík: Landlæknisembættið, 1987.
4. Briem G. Könnun á notkun áfengis, tóbaks, ávana- og fíkniefna 15–20 ára skólanemenda. Bráðabirgðaniðurstöður. Reykjavík: Landlæknisembættið, 1989.
5. Frimannsson G. Bruk av beroendeframkallande medel í Reykjavík. Uppsala Universitet, 1971.
6. Ólafsdóttir H. Könnun á áfengisneyslu unglínga í Reykjavík árið 1972. Reykjavík: Félagsmálastofnun Reykjavíkur, 1972.
7. Kristmundsson Ó. Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1985.
8. Dupont RL. Prevention of adolescent chemical dependency. *Pediatric Clin North Am* 1987; 34: 495–505.
9. Special Action Office for Drug Abuse Prevention (SAODAP): The Media and Drug Abuse Messages. Washington, D.C.: The White House, 1974.
10. Smart R, Fejer D. The effects of high and low fear messages about drugs. *J Drug Educ* 1974; 4: 225–35.
11. Affective and Social Influences Approaches to the Prevention of Multiple Substance Abuse among Seventh Grade Students: Results from project SMART. *Prev Med* 1988; 17: 135–54.
12. National Institute on Drug Abuse Research. DHHS Publication No. (17 DM) 85–1372. Washington, D.C.: U.S. Government Printing Office, 1984.
13. Botvin G. Prevention of adolescent substance abuse through development of personal and social competence. In: Glynn T, Leukeveld C, eds. Preventing Adolescent Drug Abuse: Intervention strategies. DHHS Publications No. (ADM) 83–128. Washington D.C.: U.S. Government Printing Office, 1983.
14. Durell J, Bukovski W. Preventing Substance Abuse: The state of the art. *Public Health Rep* 1984; 99: 25–31.
15. Vartiainen E, Pallonen U, McAlister A, Puska P. Eight Year Follow-up Results of an Adolescent Smoking Prevention Program. The North Karelia Youth Project. *Am J Public Health* 1990; 80: 78–9.
16. Tell GS, Klepp K-I, Vellar OD, McAlister A. Preventing the Onset of Cigarette Smoking in Norwegian Adolescents; The Oslo Youth Study. *Prev Med* 1984; 13: 256–75.
17. Educating against drug abuse *Vendôme: Presses Universitaires de France, UNESCO, 1987.*
18. Bjarnason Þ, Þórlindsson Þ. Tímstundir íslenskra ungmenna vorið 1992. Reykjavík: Rannsóknastofa uppeldis- og menntamála. Rannsóknarit nr. 2, 1992.
19. Briem G. En enkatundersökning om alkoholvanor bland islansk skolingdom. Linköpings Universitet, 1980.
20. Life Skills Education for Children and Adolescents in Schools. Geneva: Division of Mental Health Organization. MNH/PSF/93.7A. 1993.